

FUM, stjórnarfundur

Fundargerð

9. mars 2017 (kl. 15:00-16:00)

Mættir: Amalía Björnsdóttir formaður FUM, Annadís G. Rudolfsdóttir, Elsa Eiríksdóttir, Sólveig Jakobsdóttir, Þorlákur Axel Jónsson. Guðrún Ragnarsdóttir boðaði fjarveru sína.

1. *Fundargerð.* Fundargerð síðasta stjórnarfundar vantaði. Ritari lofaði bragarbótum.
2. *Aðalfundur.* Drög að dagskrá aðalfundar rædd. Farið var yfir skýrslu stjórnar, reikninga félagsins, ákvörðun félagsgjalda, stjórnarkjör og önnur mál sem þyrftu að vera til umræðu á aðalfundi. Stjórnin ræddi sérstaklega um útgáfu TUM og aðkomu FUM að því, stöðu fjárhags félagsins og greiðslu til ritstjóra og að lokum stjórnarkjör. Tekin var ákvörðun um að leggja til á aðalfundi að félagsgjöld yrðu 3000 kr. og innifalinn yrði innheimtukostnaður. Því er í raun lagt til að félagsgjöldin haldi sér nokkurn veginn frá síðasta ári þegar rukkað var 2500 kr. og innheimtukostnaður lagður þar ofan á.
3. *Önnur mál.* Engin önnur mál voru á dagskrá.

Elsa Eiríksdóttir